



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

sent í gegnum skipulagsgátt

Reykjavík, 18. október 2023

Holtavörðuheiðarlína - Athugasemdir Landverndar vegna matsáætlunar Landsnets

Landvernd hvetur til þess að fallið verði frá tillögum Landsnets um að fara með Holtavörðulínu Hallarmúlaleið um Grjótháls á milli Norðurárdals og Þverárhlíðar. Jafnframt leggur Landvernd til að línunni verði valinn staður í gamla línustæðinu til að forðast óþarfa jarðrask og vegagerð. Með tillögum um leiðarval eftir Grjóthálsi færu háspennulínur og uppbyggðir vegir um ósnortið land og einstakri náttúru með silungavatnafesti eftir heiðarlandinu niður í sveitir yrði stórlega raskað.

Um leið og Landvernd fagnar uppbyggingu dreifikerfis raforku af heilum hug minna samtökin á að stjórnvöld hafa þá stefnu að raska ekki ósnortnum svæðum.

„Í stefnumörkun stjórnvalda eru tilgreind nokkur sjónarmið sem hafa skal að leiðarljósi við uppbyggingu á dreifi- og flutningskerfi raforku. Meðal leiðarljósa er að forðast skal röskun á friðlýstum og ósnortnum svæðum, leitast skal við að halda línugötum í lágmarki og nýta núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf.“

Til að standa við stefnu og markmið stjórnvalda, hlýtur að vera eðlilegri kostur að velja sama línustæði og gamla línunni liggur nú um. Með því að byggja ekki möstur utan helgunarsvæðis gömlu línunnar, yrði dregið úr framkvæmdum og raski á nú ósnortnum svæðum. Það er ekki nauðsynlegt að taka land til viðbótar utan helgunarsvæðis gömlu línunnar.

Framkvæmdaaðilar hafa nú þegar umráðarétt yfir um sextíu metra breiðu svæði með gömlu raflínunni og Landvernd leggur til að Landsnet haldi sig innan þeirra marka og fari ekki yfir Grjóthálsinn á milli Norðurárdals og Þverárhlíðar. Þá er mikilvægt að gamla línumastrið verði tekin niður og að ekki komi til greina að þarna rísi annað línumastur samhliða því gamla.

Fram hefur komið að um aðra valkosti með minna raski er að ræða við lagningu Holtavörðulínu. Ekkert styður því hugmyndir um að fara með línuna í gegnum ósnortna og einstaka náttúru Borgarfjarðar.

Skorað er Landsnet að hverfa frá hugmyndum um Hallarmúlaleið.

*Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landverndar*

Þorgerður María Þorbjarnardóttir